

Námskeið – notkun UT í skólastofunni

Í samstarfi við 3f býður Endurmenntun HÍ upp á röð sjálfstæðra námskeiða þar sem lögð verður áhersla á að þátttakendur kynnist fjölbreyttu efni varðandi nýtingu upplýsingatækni í kennslu. Verkefnin á námskeiðunum verða af ýmsum toga, s.s. upptökur í Camtasiu, námsefnisgerð m.t.t. rafbókargerðar og á vef, vefsíðugerð og vefdagbækur (blogg) til að halda utan um afurðir sínar, samfélagsmiðla og skipulagskerfi, opinn hugbúnað af ýmsu tagi, notagildi hans o.fl.

Á hverju námskeiði er markmiðið að:

- efla þátttakendur í notkun upplýsingatækni í kennslu.
- fjalla um nýja strauma og tækninýjungar í kennslu.
- fjalla um áhrifaríkar kennsluaðferðir með upplýsingatækni að leiðarljósi.
- þátttakendur geti útfært í starfi ýmsar hugmyndir og aðferðir sem fjallað verður um.

Efni og fyrirlestrar verða valdir af umsjónarmanni námskeiðsins og lögð rík áhersla á hagnýt viðfangsefni.

Námskeiðin verða eftirfarandi:

Námskeið 1: Upptökur í Camtasiu – 21. febrúar

Námskeið 2: Opinn eða ókeypis hugbúnaður – 7. mars

Námskeið 3: Vefsmíðar og vefmiðlun – 31. mars

Námskeið 4: Textavinnsla, töflureiknir o.fl. – í lok september

Námskeið 5: Námsefnisgerð m.t.t. rafbókargerðar og á vef – í október

Fyrir hverja:

Námskeiðið er ætlað grunnskólakennurum, byrjendum og lengra komnum, í notkun upplýsingatækni (UT) í skólastofunni.

Kennarar:

Sigurður Fjalar Jónsson, kennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti

Sólveig Friðriksdóttir, kennari við Verzlunarskóla Íslands.